

Notendakönnun Hagstofu Íslands 2007

Statistics Iceland User Survey 2007

Samantekt Í þessu yfirliti eru kynntar helstu niðurstöður könnunar meðal notenda hagtalna frá Hagstofu Íslands. Notendum þótti almennt að hagtölur væru byggðar á traustum og skynsamlegum aðferðum. Algengast var að svarendur nálgðust hagtölur af vef eða útgáfum Hagstofu Íslands og fannst um 85% svarenda auðvelt að nálgast hagtölur af vef Hagstofunnar. Verðlagstölur voru oftast notaðar en 24% svarenda notuðu þær vikulega eða oftar. Tveir þriðju svarenda töldu að yfir heildina væru gæði opinberra hagtalna á Íslandi svipuð því sem gerðist í öðrum löndum Evrópu.

1. Aðferð

Athugun meðal notenda hagtalna

Í febrúar árið 2007 stóð Hagstofa Íslands fyrir athugun meðal notenda opinberra hagtalna með það að markmiði að kanna álit þeirra á íslenskum hagtölum. Um vefkönnun var að ræða. Könnunin var liður í jafningjamati (Peer Review) hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) á Hagstofu Íslands.

Svörun var 61%

Til þátttöku voru valdir vanir notendur opinberra íslenskra hagtalna, aðallega af lista yfir áskrifendur fréttu frá Hagstofunni. Markmiðið var að velja þá sem nota opinberar hagtölur reglulega við vinnu sína og hafa skoðun á framsetningu og innihaldi þeirra. Samtals fengu 173 notendur senda þátttökubeiðni í rannsókninni. Þrjár ítrekanir voru sendar til viðtakenda um þátttöku, sú fyrsta um viku eftir að þeir höfðu fengið þátttökubeiðni senda. Könnunin stóð yfir í þrjár vikur og alls bárust 106 svör sem gefur 61% svarhlutfall.

Tvívættur spurningalisti

Spurningalisti frá Eurostat var þýddur og staðfærður fyrir könnunina. Spurningarnar beindust fyrst og fremst að tveimur meginþáttum. Annars vegar var spurt um notkun á opinberum hagtölum, einkum efnahagstölum, bæði hvaða hagtölur svarendur notuðu og í hvaða tilgangi. Hins vegar beindust spurningar að mati á gæðum opinberra hagtalna. Meðal annars var leitað álits á þeim aðferðum sem liggja að baki opinberum hagtölum á Íslandi, hvort svarendur hefðu kynnt sér vörulýsingar Hagstofu Íslands og hvort þeim fyndist auðvelt að nálgast upplýsingar um aðferðir og forsendur hagtalna.

Þátttökubeiðni var send út með tölvupósti til þeirra sem lentu í úrtaki fyrir könnunina. Í tölvupóstinum voru, auk þátttökubeiðninnar, upplýsingar um notendánúmer og lykilnúmer viðkomandi þátttakanda. Með því að velja hlekk í tölvupóstinum komst viðtakandi inn á lokað netsvæði þar sem könnunin var hýst. Þegar öllum spurningum hafði verið svarað, var svarandi skráður úr könnuninni og svörin send sjálfkrafa til Hagstofunnar.

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í tveimur hlutum: Út frá öllum svarendum og út frá notendahópum.

2. Almennar niðurstöður

Tafla 1. Tíðni notkunar á opinberum íslenskum hagtölum

Table 1. Frequency of the usage of official statistics

%	Einu sinni í viku eða oftari <i>Once a week or more often</i>	A.m.k. einu sinni í mánuði <i>At least once a month</i>	Sjaldnar en mánaðarlega <i>Less than once a month</i>	Aldrei notað <i>Never used</i>
Þjóðhagsreikningar <i>National accounts</i>	15,0	28,0	41,0	16,0
Verðlag <i>Prices</i>	24,2	41,7	24,3	9,7
Opinber fjármál <i>Public finance</i>	13,3	33,7	37,8	15,3
Framleiðsla/velta <i>Production/turnover</i>	8,2	20,6	46,4	24,7
Utanríkisverslun <i>Foreign trade</i>	11,2	29,6	44,9	14,3
Vinnumarkaður <i>Labour market</i>	19,8	29,7	38,6	11,9
Laun <i>Wages</i>	12,0	35,0	41,0	12,0
Tekjur einstaklinga og lífskjör <i>Income and living standards</i>	7,4	25,3	49,5	17,9
Umhverfistölur <i>Environment</i>	0,0	12,0	42,4	45,7
Mannfjöldatölur <i>Population</i>	5,1	19,4	68,4	7,1
Heilbrigðis- og félagsmál <i>Health and social affairs</i>	1,1	14,9	44,7	39,4

Hagtölur um verðlag og vinnumarkað voru títt notaðar

Í töflu 1 má sjá notkun svarenda á opinberum hagtölum í þeim ellefu flokkum sem spurt var um. Fjórdungur svarenda (fjöldi 25) notuðu tölur um verðlag vikulega eða oftari og tæp 20% (20) notuðu vinnumarkaðstölur vikulega eða oftari. Um 21% svarenda (22) höfðu einhvern tímann notað aðrar hagtölur en þær sem taldar voru upp. Meðal þess sem svarendur nefndu voru tölur um upplýsingatækni, skólamál og menningarmál.

Tafla 2. Hvernig svarendur nálguðust opinberar hagtölur

Table 2. How respondents obtained official statistics

%	Hlutfall <i>Percentage</i>
Úr fréttum af eða fréttatilkynningum frá Hagstofu Íslands <i>From official press releases by Statistics Iceland</i>	61,3
Af vef Hagstofu Íslands eða í útgáfum Hagstofu Íslands <i>From the Statistics Iceland website or publications</i>	98,1
Af vef Seðlabanka Íslands eða í útgáfum Seðlabanka Íslands <i>From the Central Bank of Iceland website or publications</i>	64,2
Með því að senda beiðni til Hagstofu Íslands <i>By sending requests to Statistics Iceland</i>	31,1
Úr yfirliti og/eða greiningu einkafyrirtækja <i>From private sector reviews and/or analyses</i>	27,4
Úr útgáfum eða af vefjum evrópskra stofnana <i>From the publications or websites of European institutions</i>	33,0
Úr útgáfum eða af vefjum alþjóðastofnana <i>From the publications or websites of international institutions</i>	54,7
Eftir öðrum leiðum <i>Other sources</i>	14,2

Alengt var að notendur sæktu
hagtölur af vef eða úr útgáfum
Hagstofu Íslands

Eins og kemur fram í töflu 2 sótti meginþorri svarenda eða 98% (104) hagtölur af vef Hagstofu Íslands eða í útgáfur Hagstofunnar. Meira en helmingur svarenda eða 55% (58) sóttu opinberar hagtölur í útgáfur eða af vefjum alþjóðastofnana og 64% (68) sóttu hagtölur af vef eða úr útgáfum Seðlabanka Íslands.

Svarendur áttu almennt gott
með að nálgast opinberar
hagtölur

Rúmlega átta af hverjum tíu svarendum, 81%, sögðust eiga auðvelt með að nálgast opinberar hagtölur og 85% svarenda (90) auðvelt með að finna hagtölur á vef Hagstofunnar. Að auki töldu 83% svarenda (88) að opinberar hagtölur væru settar fram á auðskilinn hátt.

Tafla 3. Tilgangur svarenda með notkun opinberra hagtalna

Table 3. Reasons for using official statistics

%	Hlutfall Percentage
Til greiningar á þróun fyrir skammtíma ákvarðanatöku <i>For analysis of current developments for short-term decision making</i>	53,8
Til greiningar á langtíma þróun fyrir stefnumótun <i>Analysis of trends for longer-term policy formulations</i>	64,2
Við gerð líkana fyrir hagamælingar og hagspár <i>For econometric model building and forecasting</i>	22,6
Við rannsóknir <i>For research purposes</i>	53,8
Fyrir almenna þjóðfélagsumræðu <i>For general political debate</i>	60,4
Til að miðla áfram hagtölum <i>For re-dissemination of statistical data</i>	55,7
Annað <i>Other</i>	6,6

Flestir svarenda notuðu
opinberar hagtölur við
stefnumótun

Um 64% svarenda (68) notuðu opinberar hagtölur til að greina langtímaþróun fyrir stefnumótun og um sex af hverjum tíu svarendum (64) notuðu hagtölur fyrir almenna þjóðfélagsumræðu. Fæstir svarenda notuðu opinberar hagtölur við gerð hagamælinga og hagspáa, eða um 23% prósent (24).


Hagstofan þótti fylgja
birtingaráætlun sinni

Alls þekktu 80% svarenda (85) til birtingaráætlunar Hagstofunnar. Af þeim fylgdust 61% (52) með henni. Nær allir eða um 98% (45) töldu að Hagstofan fylgdi birtingaráætluninni.

Meirihluti svarenda taldi að auðvelt væri að nálgast ítarefni um hagtölur, eða 94% (72). Tæplega átta af hverjum tíu (43), töldu að upplýsingar um aðferðafræði Hagstofunnar væru nógu skýrar og ítarlegar.

Mynd 1. Mat svarenda á gæðum opinberra hagtalna á Íslandi

Figure 1. Respondents average assessment of the quality of official statistics, on a five point scale, one being worst and five best



Svarendur töldu að íslenskar hagtölur væru þokkalegar að gæðum

Mynd 1 sýnir mat svarenda á einstökum flokkum opinberra hagtalna. Kvarðinn er fimm stiga kvarði þar sem einn merkir mjög lítil gæði en fimm, mjög mikil gæði. Mat svarenda var almennt jákvætt þar sem meðaltalið er ætíð herra en miðgildi kvarðans. Í tveimur tilvikum var meðaltalið herra en 4 fyrir mannfjöldatölur og verðlagstölur.

Gæði íslenskra hagtalna voru almennt talin sambærileg við gæði evrópskra hagtalna

Rétt um tveir þriðju hlutar svarenda (58) töldu að gæði íslenskra hagtalna væru svipuð því sem gerðist í öðrum löndum Evrópu. Um 17% svarenda (15) voru þeirrar skoðunar að íslenskar hagtölur væru verri en hagtölur annars staðar í Evrópu en 15% (13) töldu þær betri en hagtölur annars staðar í Evrópu.

3. Notendahópar

Svarendum var skipt í fimm notendahópa

Svarendum var skipt í fimm notendahópa: Starfsfólk banka og fjármálastofnana, starfsfólk skóla og rannsóknarstofnana, starfsfólk opinberra stofnana og ráðuneyta, starfsfólk hagsmunasamtaka og starfsfólk fjölmiðla. Í töflu 5 má sjá fjölda svarenda út frá flokkun notendahópa og svarhlutfall flokkað eftir notendahópum.

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall svarenda eftir notendahópum

Table 5. The frequency and percentage of respondents by user groups

	Fjöldi Frequency	Hlutfall Percentage	Svarhlutfall Response rate
Bankar og fjármálastofnanir <i>Banks and financial institutions</i>	16	15,1	44,4
Skólar og rannsóknarstofnanir <i>Schools and research institut.</i>	26	24,5	68,4
Opinberar stofnanir og ráðuneyti <i>Governmental agencies</i>	38	35,8	64,4
Hagsmunasamtök <i>Non governmental organizations</i>	17	16,0	81,0
Fjölmiðlar <i>Media</i>	9	8,5	47,4

Tafla 6. Notkun á vörulýsingum og aðferðum Hagstofunnar eftir notendahópum

Table 6. Use of information provided by Statistics Iceland on sources and methods by user groups

%	Hlutfall Percentage
Bankar og fjármálastofnanir <i>Banks and financial institutions</i>	56,3
Skólar og rannsóknarstofnanir <i>Schools and research institutions</i>	73,1
Opinberar stofnanir og ráðuneyti <i>Governmental agencies</i>	42,1
Hagsmunasamtök <i>Non governmental organizations</i>	41,2
Fjölmiðlar <i>Media</i>	11,1

Svarendur innan skóla og rannsóknarstofnana voru líklegastir til að nýta vörulýsingar og aðferðir

Eins og sjá má í töflu 6 notuðu ríflega 73% svarenda frá skólum eða rannsóknarstofnunum vöru- og aðferðalýsingar Hagstofunnar. Einn svarandi sem starfaði á fjölmiðli hafði skoðað vörulýsingar og aðferðir Hagstofunnar.

Tafla 7. Hlutföll notendahópa eftir því hvernig þeir nálgast opinberar hagtölur

Table 7. Percentage of user groups by how they obtain official statistics

%	Bankar og fjármála- stofnanir <i>Banks & financial institutions</i>	Skólar og rannsóknar- stofnanir <i>Schools & research institutions</i>	Opinberar stofnanir <i>Governmental agencies</i>	Hagsmuna- samtök <i>Nongovern- mental organi- zations</i>	Fjöl- miðlar <i>Media</i>
Úr fréttatilkynningum frá Hagstofu Íslands <i>From press releases by SI</i>	75,0	30,8	55,3	94,1	88,9
Af vef Hagstofu Íslands eða í útgáfum Hagstofu Íslands <i>From the Statistics Iceland website or publications</i>	100,0	100,0	94,7	100,0	100,0
Af vef Seðlabanka Íslands eða í útgáfum Seðlabanka Íslands <i>From the Central Bank of Iceland website or publications</i>	68,8	73,1	50,0	82,4	55,6
Með því að senda beiðni til Hagstofu Ísl. <i>By requesting statistics from Stat. Iceland</i>	12,5	50,0	26,3	35,3	22,2
Úr yfirliti og/eða greiningu einkafyrirtækja <i>From private sector reviews and/or analyses</i>	18,8	23,1	23,7	35,3	55,6
Úr útgáfum eða vefjum evrópskra stofnana <i>From the publications or websites of European institutions</i>	12,5	46,2	15,8	70,6	33,3
Úr útgáfum eða af vefjum alþjóðastofnana <i>from the publ. or websites of int. instit.</i>	43,8	84,6	39,5	64,7	33,3

Flestir nálgast hagtölur af vef eða úr útgáfum Hagstofu Íslands

Í töflu 7 sést að nánast allir svarendur, óháð því hvaða notendahóp þeir tilheyrðu, nálgust hagtölur af vef eða úr útgáfum Hagstofu Íslands. Að auki var nokkuð algengt meðal mismunandi notendahópa að sækja hagtölur í útgáfur eða vef Seðlabanka Íslands, en 82% starfsfólks hagsmunasamtaka (14) hafði nálgast hagtölur með þeim hætti. Helmingur svarenda sem starfaði við skóla eða rannsóknarstofnanir, aflaði sér hagtalna með því að senda beiðni til Hagstofunnar (50), en hlutfallið var lægra meðal annarra notendahópa. Að auki voru svarendur í sama hópi (22) líklegastir til að nálgast gögn úr útgáfum eða af vefjum alþjóðastofnana. Fjölmiðlafólk var líklegra en aðrir til að sækja hagtölur úr greiningum einka-fyrirtækja, eða um 56% þess hóps (5).

Tafla 8. Hagnýting hagtalna eftir notendahópum

Table 8. Utilization of official statistics by user groups

%	Bankar og fjármála- stofnanir <i>Banks & financial institutions</i>	Skólar og rannsóknar- stofnanir <i>Schools & research institutions</i>	Opinberar stofnanir <i>Governmental agencies</i>	Hagsmuna- samtök <i>Non govern- mental organi- zations</i>	Fjöl- miðlar <i>Media</i>
Til greiningar á þróun fyrir skammtíma ákvarðanatöku <i>For analysis of current developments for short-term decision making</i>	87,5	34,6	52,6	82,4	0,0
Til greiningar á langtíma þróun fyrir stefnumótun <i>Analysis of trends for longer-term policy formulations</i>	75,0	50,0	73,7	82,4	11,1
Við gerð líkana fyrir hagsmæl. og hagspár <i>For econometric model building and forecasting</i>	31,3	42,3	10,5	23,5	0,0
Við rannsóknir <i>For research purposes</i>	50,0	96,2	34,2	64,7	0,0
Fyrir almenna þjóðfélagsumræðu <i>For general political debate</i>	50,0	53,8	47,4	94,1	88,9
Til að miðla áfram hagtölum <i>For re-dissemination of statistical data</i>	50,0	50,0	50,0	76,5	66,7

Notkun hagtalna er nokkuð misjöfn eftir notendahópum

Í töflu 8 sést í hvaða tilgangi notendahópar nýttu sér opinberar íslenskar hagtölur. Innan banka og fjármálastofnanna notuðu tæplega 87% svarenda ($n = 14$) hagtölur fyrir skammtíma ákvarðanatöku og þrír fjórðu sama hóps notuðu hagtölur fyrir stefnumótun (12). Meðal starfsfólks skóla og rannsóknarstofnanna notuðu 92% svarenda (25) hagtölur í rannsóknum. Meðal hagsmunasamtaka notuðu 94% svarenda (16) hagtölur fyrir almenna þjóðfélagsumræðu og 89% fjölmiðlafólks (8) notaði hagtölur í sama tilgangi.

Tafla 9. Mat notendahópa á völdum þjónustubáttum Hagstofunnar

Table 9. User groups assessment of Statistics Iceland's service factors

	Nægar upp- lýsingar um leiðréttingar eða endurskoðun <i>Enough information about revisions</i>	Auðvelt að nalgast upp- lýsingaefni um hagtölur <i>Easy access to information about official statistics</i>	Skýrar og ítarlegar upp- lýsingar um aðferðir <i>Clear and detailed information on methodology</i>
Bankar og fjármálastofnanir <i>Banks and financial institutions</i>	69,2	100,0	100,0
Skólar og rannsóknarstofnanir <i>Schools and research institutions</i>	46,7	90,0	75,0
Opinberar stofnanir og ráðuneyti <i>Governmental agencies</i>	68,8	93,1	73,7
Hagsmunasamtök <i>Non governmental organizations</i>	50,0	90,9	66,7
Fjölmiðlar <i>Media</i>	0,0	100,0	100,0

Notendur úr skólum og rannsóknarstofnunum vildu frekari upplýsingar um leiðréttingar og endurskoðun.

Í töflu 9 má sjá mat notendahópanna á nokkrum þjónustubáttum Hagstofunnar. Aðeins eru birtar upplýsingar um þá sem tóku afstöðu til spurninganna. Í ljós kom að tveir hópar notenda töldu að upplýsingar um leiðréttingar eða endurskoðun á hagtölum vantaði: Um 47% starfsfólks skóla og rannsóknarstofnana (7) taldi nægjanlegt framboð af slíkum upplýsingum og helmingur starfsfólks hagsmunasamtaka (4) var sömu skoðunar.

Almennt þótti auðvelt að nálgast upplýsingaefni um hagtölur

Svarendur voru almennt sammála um að auðvelt væri að nálgast upplýsingaefni um hagtölur. Þannig voru allir svarendur, sem unnu hjá bönkum eða fjármálastofnunum (13) og allt starfsfólk fjölmiðla (4), sammála því að auðvelt væri að nálgast upplýsingaefni um hagtölur. Lægsta hlutfallið var meðal starfsfólks skóla og rannsóknarstofnana, en það var engu að síður hátt eða 90% (18).

Notendur frá hagsmunasamtökum töldu síst að upplýsingar um aðferðir væru skýrar og ítarlegar

Allir starfsmenn banka og fjármálastofnana töldu að upplýsingar um aðferðir væru skýrar og ítarlegar (8). Lægsta hlutfall svarenda sem töldu að upplýsingar um aðferðir væru skýrar og ítarlegar, var meðal hagsmunasamtaka, en tveir þriðju þeirra taldi að upplýsingar um aðferðir væru skýrar og ítarlegar (6).

English summary

In february 2007 Statistics Iceland conducted a web survey among users of official Icelandic statistics. The survey was based on a harmonised questionnaire drawn up by Eurostat in connection with the conduct of peer reviews carried out among the national statistical institutes within the European Statistical System. In total, 173 users of official statistics were selected as respondents from user lists at Statistics Iceland. These users were thought to have considerable knowledge and experience of official statistics and to be able to assess them thoroughly and comprehensively. Each user received an e-mail with a request to participate in the survey and a link to the website where the survey was hosted. A total of three reminders were sent via e-mail to the sample participants. A total of 106 respondents returned the questionnaire resulting in a response rate of 61%.

Price statistics were the most frequently used, with 24% of respondents using them at least once a week. Almost all of the respondents or 98% obtained official statistics from the Statistics Iceland website or its publications. About 81% of respondents felt that it was easy to obtain official statistics and 85% felt that it was easy to obtain statistics from Statistics Iceland website.

Respondents assessed the quality of different categories of official statistics on a scale running from one, meaning very low quality, to five, meaning very high quality. The mean assessment was higher than the median in all categories, indicating an overall positive assessment. Two groups of statistics received an assessment higher than 4.0, population statistics had an average grade of 4.3 and price statistics of just over 4.0.

Almost seven out of every ten respondents felt that the overall quality of official Icelandic statistics was the same as in other European countries, 17% thought they were of lower quality and 15% felt they were of higher quality.

About 73% of users from schools and research institutions used official descriptions of sources and methods, the highest percentage for a single user group. Respondents from banks and financial institutions primarily used official statistics for analysis, both of current developments for short-term decision making (87%) and for analysing trends in the data (75%). Most respondents from schools and research institutions, or 96%, used statistical data for research. Respondents from non-governmental organisations (94%) and from the media (89%) used official statistics primarily for purposes of the general political debate.

When asked if they felt that there were enough information about revisions, about 69% of respondents from banks and financial institutions felt that this was the case and the same percentage of respondents from governmental agencies also felt that enough information was presented. However, more than half of respondents from schools and research institutions, or about 53%, believed that more information about revisions should be made available. In general, the user groups mostly agreed that additional information (metadata) about official statistics could easily be obtained, with percentages ranging from 90% for schools and research institutions to 100% for banks and financial institutions and the media. Finally, all respondents from banks and financial institutions and from the media felt that information about methodology were clear and detailed. About one third of respondents from non-governmental organisations felt that this was not the case.

Umsjón Supervision Anton Örn Karlsson
anton.karlsson@hagstofa.is